



Borgarráð

## Fyrirspurn varðandi ársreikning 2016: Færslu skuldbindinga í ársreikningi

Borgarfulltrúi Kjartan Magnússon hefur óskað eftir svörum við eftirfarandi fyrirspurn:

*„Getið þið vinsamlegast gert mér grein fyrir því hvernig skuldbindingar eru færðar í efnahagshluta ársreikninginn?*

*Eru t.d. allir skuldbindandi framlög og leigusamningar inni í liðnum? Eru slíkar skuldbindingar nýværtar.*

*Hér á ég t.d. við leigusamninga vegna skóla- og frístundahúsnaðis þar sem það á við, vegna Höfðatorgs, Egilshallar, fimleikahúss Fylkis, Íþróttat- og sýningahallarinnar, Hörpunnar, væntanlegs fimleikahúss á Seltjarnarnesi o.s.frv.*

*Hvað með skuldbindingar vegna framkvæmda, sem hefur verið lofað, t.d. þriggja íþróttahúsa í Breiðholti. Eru þær einhvers staðar færðar?*

*Ef þær eru ekki færðar, er þá til listi yfir slíkar framkvæmdir sem hefur verið lofað með einhverjum hætti.“*

### Svar

Skuldbindingar eru settar fram í ársreikningi á mismunandi hátt eftir eðli þeirra. Skuldbindingarnar skiptast í þrjá eftirfarandi flokka.

1. Skuldbindingar sem eru bókaðar meðal skulda og skuldbindinga í efnahagsreikningi.
2. Skuldbindingar sem eru tilgreindar í skýringum með ársreikningi en ekki færðar meðal skulda og skuldbindinga í efnahagsreikningi.
3. Fyrirheit eða loforð um framkvæmdir eða styrki.

Hér á eftir er gerð nánari grein fyrir hverjum flokki fyrir sig.

#### 1. Skuldbindingar sem bókaðar eru meðal skulda og skuldbindinga í efnahagsreikningi.

- a. **Leiguskuldir** – Húsaleigusamningar sem eru til lengri tíma en þriggja ára og eru óuppsegjanlegir eru eignfærðir meðal leigueigna og skuldfærðir meðal leiguskulda. Við upphaflega skráningu skuldbindingar vegna leigusamninga er leiguskuld færð á gangvirði hinnar leigðu eignar eða núvirði lágmarksgreiðslna leigusamnings sé það lægra. Lágmarksleigugreiðslum er skipt í vaxtagjöld og afborganir af eftirstöðvum skulda. Vaxtagjöldunum er dreift á leigutímann miðað við virka vexti. Hér er hægt að nefna leiguskuldir vegna Höfðatorgs, Egilshallar, Íþróttat- og sýningahallar o.fl. Bókfærð leiguskuld í árslok 2016 nemur 12,3 milljörðum, sjá skýringu með ársreikningi nr. 47.



Húsaleigusamningar sem eru uppsegjanlegir innan þriggja ára eða gildistími er innan við þrjú ár eru ekki bókaðir í efnahagsreikningi.

- b. **Tekjuskattsskuldbindingar** eru bókaðar hjá þeim B-hluta fyrirtækjum þar sem mismunur í skattalegu uppgjöri annars vegar og í ársreikningi hins vegar leiðir til þess að annað hvort myndast tekjuskattseign eða tekjuskattsskuldbinding, sjá skýringu með ársreikningi nr. 48.
  - c. **Aðrar skuldbindingar** hjá B-hluta fyrirtækjum eru að stærstum hluta skuldbinding Sorpu bs. vegna 11. gr. og 31 gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs.
- 2. Skuldbindingar sem eru tilgreindar í skýringum með ársreikningi en eru ekki færðar meðal skulda og skuldbindinga í efnahagsreikningi.**
- a. **Rekstrar- og þjónustusamningar** - Samningar um styrki, verksamninga og eigna- og rekstrarleigusamninga eru tilgreindir í skýringum með ársreikningi. Þessir samningar eru að formi til yfirleitt til skamms tíma og eru því ekki núvirtir. Undantekning frá þessu er samningur um framlag til Hörpu – tónlistar- og ráðstefnuhúss ohf. sem er núvirtur. Samkvæmt skýringu með ársreikningi nr. 49 er heildarskuldbinding vegna samninga um styrki, verksamninga og eigna- og rekstrarleigusamninga alls 25,8 milljarðar í árslok 2016, þar af til greiðslu árið 2017 8,0 milljarðar. Þar af er heildarskuldbinding vegna Hörpu ohf. 7,7 milljarðar og til greiðslu árið 2017 505 milljónir.
  - b. **Ábyrgðir A-hluta** gagnvart þriðja aðila vegna skuldabréfalána eru tilgreindar í skýringu með ársreikningi nr. 50. Að langstærstum hluta er hér um að ræða skuldabréf Félagsbústaða hf. sem A-hluti hefur gengist í ábyrgð fyrir, alls að fjárhæð 5,7 milljarðar.
  - c. **Skuldbindingar A-hluta** vegna Orkuveitu Reykjavíkur, byggðasammlaga og Faxaflóahafna sf. eru tilgreindar í skýringu með ársreikningi nr. 51. Eigendur sameignarfélaga og byggðasammlaga bera ábyrgð á öllum skuldum félaganna í samræmi við eignarhlut sinn.
- 3. Fyrirheit eða loforð um framkvæmdir eða styrki.**
- a. **Fyrirheit eða loforð um framkvæmdir eða styrki** eru ekki tilgreindir í ársreikningi. Ekki liggr fyrir formleg tímasett ákvörðun og engar fjárhheimildir liggja fyrir vegna þessara fyrirheita eða loforða. Framkvæmdir samkvæmt samningum sem koma til framkvæmdar á næstu árum, s.s. þrjú íþróttahús í Breiðholti koma inn í ársreikning þegar fjárfesting hefst og síðan að fullu þegar framkvæmdum er lokið og rekstur hefst.

Birgir Björn Sigurjónsson,  
fjármálastjóri